



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

HÖNN2SA05 Saumur

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Grunnatriði í fatahönnun tekin fyrir. Unnið út frá tilbúnum sniðum í sniðablöðum. Skissuvinna og flöt teikning æfð. Einföld, eigin flík hönnuð og framleidd. Svipað snið tekið upp og breytt eftir eigin hönnun, vexti og stíl. Prufuflík saumuð og mátuð. Flík fullunnin og vinnulýsing hreinrituð. Seinni flík er hönnuð út frá þema annarinnar. Grunnform líkamans, lita- og textílfraði tekin fyrir. Sýning á hugmyndamöppu og eigin hönnun í annarlök.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Heiti sniðhluta, þráðréttu og mikilvægi merkinga
- Notkun sniðablaða
- Máltöku
- Aðferð við mælingu á efnispörf - hve mikið þarf í hverja flík
- Saumi á einfaldri flík
- Gildi verklýsinga
- Grunnatriðum í saumtækni

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að breyta tilbúnu sniði eftir eigin málum og hönnun
- Að nota heiti sniðhluta og notkun merkinga
- Að leggja snið á efni þannig að þráðlína sé rétt og að fataefnið nýtist vel
- Að sníða og sauma efni í einfaldar flíkur eftir eigin málum og hönnun
- Að vinna eftir verklýsingum
- Að geta skissað hugmyndir sínar á einfaldan hátt - myndræn lýsing á eigin hönnun

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna sjálfstætt með einfaldar sniðútfærslur út frá tilbúnum sniðum
- Reikna út efnismagn í flíkina og allt henni tilheyrandi
- Sauma einfaldar flíkur eftir breyttum sniðum og ganga vel frá öllum saumum

- Vinna eftir eigin verklýsingum og verklýsingum í blöðum
- Geta tamið sér vönduð vinnubrögð

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	ca 17. – 21. ág. 22. - 16. sept.	Kynning og skipulag Hugmyndavinna og undirbúningur	Vinumöppugerð Einföld flík hönnuð
2 - 12 10 - 14	ca 19.sept. - 2.des. ca 24.okt. - 2. des. Prófatímabil	Tilraunavinna með pappír og textíl Framleiðsla og frágangur á flík, allt eftir umfangi Vettvangsferð skipulögð saman Sýning eða kynning skipulögð	Prufugerð - saumur Möppuvinna Vettvangsferð ? Sýn. eða kynning ? Mat unnið jafnóðum út frá dagbók hópanna

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlög 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuflíkur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing samin jafnóðum, fullunnin flík, frágangur og markaðssetning.	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.